



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 128/1496**  
**komudagur 5. 3. 2003**

3. mars 2003  
Dags. yðar: 20. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis  
efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 601. mál, hlutabréfasjóðir

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 601. mál, hlutabréfasjóðir.

Frumvarp þetta, sem lagt er fram í tengslum við frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, gerir ráð fyrir að þeir sem fengið hafa lækkun á tekjuskatti vegna kaupa á hlut í hlutabréfasjóðum geti fært eignarhlut sinn yfir í svonefnda hlutdeildarskírteinissjóði án þess að skattalegar ívilnanir skerðist. Tilgangur frumvarpsins er að greiða fyrir yfirfærslu á eignarhlutum úr hlutabréfasjóðum í hlutdeildarskírteinissjóði þegar fyrrnefndu sjóðunum er slitið þar sem síðarnefndu sjóðirnir eru undir strangara eftirliti stjórnvalda og þykja stuðla að betri neytendavernd.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við samþykkt frumvarpsins, enda er frumvarpið hluti af breytingum sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísl. Gunnarsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605